

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

22. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS KJÖRTÍMABILID 2022-2026

Árið 2024, föstudaginn 10. maí kl. 8:30, var haldinn 22. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurbrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mættir voru á fundinn:

Aníta Björk Pálinudóttir, Dagbjört Hjaltadóttir, Sigurdís Samúelsdóttir, Anne Berit Vikse og Bragi Þór Thoroddsen.

Bragi Þór Thoroddsen ritaði fundargerð.

Oddviti var fjarverandi auk varaoddvita. Gerð tillaga að fundarstjórn. Sveitarstjórn fól Anítu Björk Pálinudóttur að stýra fundinum og bauð settur fundarstjóri fundinum að ganga til dagskrár.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

- Skýrsla sveitarstjóra fyrir 22. fund
Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.
- Smölun ágangsfjár – erindi frá eigendum Dvergasteins í Álftafirði dags. 2.5.2024
*Dagbjört Hjaltadóttir vék af fundi undir þessum lið.
Sveitarstjórn vísar málinu til atvinnu- og landbúnaðarnefndar Súðavíkurbrepps til umfjöllunar áður en frekari afstaða er tekin til erindisins.*
- Fundargerð 39. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar dags. 8.5.2024
*Dagbjört Hjaltadóttir kom aftur inn á fundinn. Anne Berit Vikse vék af fundi.
Dagbjört Hjaltadóttir leggur fram þá bókun varðandi 5. lið fundargerðarinnar hvort skoðuð hafi verið staðsetning norðan vert við Langeyri, staðsett við sjávarbakka rétt innan við Súðavíkurkirkju. Það svæði er ekki í sjónlínu frá vegi auk þess sem ekki þarf að fara gegnum skipulagt iðnaðarsvæði og athafnasvæði. Aðgengi er þar gott og auðvelt að koma fyrir bílastæðum.
Fundargerð samþykkt.*
- Málefni verslunar í Grundarstræti
Sveitarstjóra falið að taka saman þau atriði sem þarf að leggja til í útboði og endurskoðun verslunarreksturs í Grundarstræti og leggja fyrir sveitarstjórn til frekari útfærslu. Stefnt að útboði og auglýsingu í júní.
- Mál til umsagnar og kynningar:
 - Fundargerð stjórnar Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga dags 30. apríl 2024.
Fundargerð lesin og kynnt sveitarstjórn án athugasemda.
 - Fundargerð 947. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
Fundargerðin kynnt og rædd, án athugasemda.

6. Samþykktir og reglur Súðavíkurbrepps – uppfærsla
Sveitarstjóri leggur til skipulega uppfærslu á þeim samþykktum og reglum sem varða sveitarfélagið á árinu 2024/2025. Samþykkt.
7. Velferðarmál – erindi – trúnaðarmál.
Sveitarstjórn vísar málinu til velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar með vísan til samnings um velferðarþjónustu og samþættrar þjónustu á sviði velferðarmála á Vestfjörðum áður en afstaða verður tekin til erindis.


Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl.


Bragi Þór Thoroddsen


Aníta Björk Pálínudóttir


Dagbjört Hjaltadóttir


Sigurdís Samúelsdóttir

Anne Berit Vikse